

Samtengingar

Samtengingar eru smáorð sem tengja saman einstök orð eða orðasambönd.

Dæmi: Egill **og** Pétur eru vinir. Pétur fer **þegar** tíminn er búinn. Er þetta Pétur **eða** Egill?

Samtengingar eru ýmist eitt orð eða fleiri. Dæmi: Penninn er ónýtur **svo að** ég verð að kaupa nýjan.

Samtengingar skiptast í tvo aðalflokka: **Aðaltengingar** og **aukatengingar**.

Aðaltengingar eru: **og, en, eða, ellegar, heldur, enda.**

Þær tengja saman einstök orð og aðalsetningar.

Einnig eru til svokallaðar fleygaðar samtengingar en þær eru líka aðaltengingar: **bæði–og, hvorki–né, annaðhvort–eða, ýmist–eða, hvort–eða.**

Aukatengingar eru: **að, af því að, því að, vegna þess að, þar sem, ef, nema, þó að, þótt, til þess að, þegar, áður en, meðan, uns, er, þangað til að, hvort, hvort sem, o.fl.**

Mörg orð geta eftir stöðu sinni og merkingu ýmist tilheyrt samtengingum eða öðrum orðflokkum. Oft verður að ráða af orðasambandinu um hvaða orðflokk er að ræða. Þannig er það með orðið *að*, það getur verið *nafnháttarmerki, forsetning, atviksorð* og *samtenging*. Ef það er á eftir sögn er oftast um samtengingu að ræða. Dæmi: Egill sagði **að** Pétur væri farinn.

Nokkur orð, sem stundum eru samtengingar, geta einnig tilheyrt öðrum orðflokkum, svo sem atviksorðum, fornöfnum o.fl.

Dæmi:

Er er samtenging þegar hægt er að setja **þegar** í staðinn.

Þegar er samtenging þegar hægt er að setja **er** í staðinn.

Sem er samtenging þegar hægt er að setja **eins og** í staðinn.

Síðan er samtenging þegar hægt er að setja **frá því að** eða **eftir að** í staðinn.

Fyrst er samtenging ef hægt er að setja **úr því að** í staðinn.

Áður en er alltaf samtenging en orðið **áður** yfirleitt atviksorð.

Margir ruglast á samtengingunni **hvort** og hvorugkyni af fornafninu **hvor**, einnig á samtengingunum **bæði-og**, **annaðhvort-eða**, **hvort-eða** og **fornöfnum**. Oftast er hægt að sjá það á merkingunni um hvorn orðflokkinn er að ræða. Ef um fornafn er að ræða er hægt að breyta um kyn orðsins, setja t.d. kvenkyn í staðinn fyrir karlkyn.

Verkefni

1. Hvert er hlutverk samtenginga?

2. Skrifaðu málsgreinar þar sem þú notar samtengingar fremst í línunni.

og _____

en _____

þótt _____

eða _____

þó að _____

þegar _____

sem _____

enda _____

3. Gerðu hring um samtengingar.

Ég fór með manni og börnum til Akureyrar í ár. Við lögðum af stað um hádegið en hefðum mátt fara fyrr. Ákveðið var að fara austur fyrir land svo að frænka okkar sem býr á Höfn kæmist með okkur. Ferðin tókst vel bæði fyrir okkur og börnin. Veðrið lék við okkur þó að sólin hafi skinið full mikið meðan við ókum. Þegar við komum á Egilsstaði fórum við í sund enda kominn tími til að þvo af sér ferðarykið. Eftir sundið

kíktum við inn í Hallormsstaðaskóg vegna þess að þar eigum við ættingja sem höfðu boðið okkur gistingu. Í bítíð næsta dag héldum við ferðinni áfram til að ná setningu ættarmótsins.

4. Skrifaðu stutta frásögn með a.m.k. fjórum samtengingum og gerðu hring um þær.

5. Skrifaðu frásögnina aftur og settu punkt í stað samtengingar alls staðar þar sem það er hægt.

6. Gerðu hring um samtengingar og strikaðu undir fallorð.

Ég á hring og armband en ekki hálsfesti sagði stelpa. Hún leit öfundaraugum á gömlu frænku sína sem sat í stofusófanum eins og illa skreytt jólatré.

7. Skrifaðu fimm samtengingar sem eru fleiri en eitt orð og búðu til málsgrein með hverri þeirra.
